



SUÐURNESJABÆR

## Reglur um refa og minkaveiði í Suðurnesjabæ

Gilda frá 08. maí 2019

### Almennt

Reglur þessar gilda um veiðar á minkum og refum innan Suðurnesjabæjar.

Um veiðar þessar gilda ákvæði laga nr. 64/1994, um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum með síðari breytingum, auk reglugerða sem settar eru samkvæmt þeim, einkum reglugerð nr. 437/1995, um refa- og minkaveiðar með síðari breytingum á reglugerðum.

Ráðinn veiðimaður komi sér sjálfur upp búnaði til veiðanna. Búnaðurinn skal ekki brjóta í bága við lög og reglugerðir. Sé komið fyrir gildrum skal það gert þannig að öðrum dýrum stafi ekki hætta af.

**Veiðimanni ber að hafa samband við landeigendur á svæðinu sé það í einkaeign.**

### Refaveiði

Almennt séð er ekki hlutast til um refaveiði í Suðurnesjabæ nema komi til sérstakra aðstæðna. Greiðsla vegna refaveiði er takmörkunum háð og einungis ráðnum veiðimönnum er greitt fyrir refaveiði í sveitarfélaginu.

Refaveiði er einungis heimil á veiðitímabili frá 1. ágúst til 30. apríl.

Bændur og æðarræktendur eða aðilar á þeirra vegum geta skotið refi sem búfenaði eða æðarvarpi stafar bein hætta af og ekki hefur náðst í ráðinn veiðimann eða hann ekki getað sinnt útkalli. Skal viðkomandi tilkynna fulltrúa sveitarfélags um slíka veiði svo fljótt sem auðið er.

Veiðimenn skulu halda skrá, (nafn grenis og GPS skráningu), yfir þekkt greni og uppfæra hana ef ný greni finnast. Þegar veiðimaður lætur af störfum fyrir sveitarfélagið skal hann afhenda sveitafélaginu skrána.

Þegar ráðinn er nýr veiðimaður afhendir sveitarfélagið honum grenjaskrá fyrir viðkomandi svæði og sveitarfélagið lætur veiðimann hafa kort í góðum mælikvarða sem hann getur fært staðsetningu grenja inn á.

### Minkaveiðar

Heimilt er að veiða mink allt árið.

Sveitafélagið ræður veiðimenn með minkahunda til hefðbundinnar minkaleitar í sveitarfélaginu. Skulu þeir almennt að jafnaði veiða á tímabilinu 20. apríl til 30. júní og vera til reiðu ef vandamál koma upp.



SUÐURNESJABÆR

Lögð er sérstök áhersla á að leitað sé leitað með sjó, á varplöndum og við vatnasvæði, svo sem kostur er þar sem líklegt telst að minkabæli finnist. veiðimenn skulu vera vel tækjum búnir til veiðanna.

Einnig er heimild til gildruveiða. Séu gildir lagðar fyrir mink skal þannig um þær búið að öðrum dýrum stafi ekki hætta af. Ef fótbogar og dauðagildir eru notaðar skal búa um þær þannig að minkurinn láti lífið á sem skjótastan hátt.

Ganga skal þannig um minkabæli að sem minnst landspjöll hljótist af.

Minkur sem næst lifandi skal aflífaður á sem skjótvirkastan hátt.

### Skil á skýrslum og greiðslur

Þeir einir fá greidd skottlaun sem hafa gilt veiðikort. Ráðnum veiðimönnum ber skilda til að bregðast við ábendingum sé þeim nokkur kostur.

Skottum af unnum dýrum ber að skila á bæjarskrifstofu ásamt fylgigögnum. Til þessa ber að nota sérstakar bækur frá embætti veiðistjóra. Þar skal koma fram hvar og hvenær dýr var unnið og hvenær og hvaða greni var leitað. Greiðslur fara ekki fram fyrir en þessum gögnum og reikningum hefur verið skilað. Þar með talið að uppfæra grenjaskrá ef ný hafa fundist. Veiðimanni ber að skila til sveitarstjórnar sundurliðuðum reikningi vegna veiðanna.

Suðurnesjabær greiðir að hámarki samþykktu fjárhæð í fjárhagsáætlun hvers árs fyrir veiðar á ref og mink. Greiðslur geta tekið breytingum til hækkunar komi til aukaframlags frá ríkinu.

### Greiðslur fyrir refa og minka veiðar

	Fyrir minkaskott	Fyrir refaskott
<b>Upphæðir</b>	5.000 kr.	7.000 kr.

Veiðimönnum með samning skal greitt fyrir unnið dýr. Greitt er að lágmarki 5.000.-kr. og að hámarki 7.000. kr.

Þeir veiðimenn sem veiða meira en 20 minka fá greitt 25% álag á hvert dýr umfram 20.

Samþykkt á fundi bæjarstjórnar Suðurnesjabæjar 08. maí 2018